

## Skýrsla stjórnar Alnæmisbarna til aðalfundar 15. mars 2007

Tilgangur Alnæmisbarna er að stuðla að bættum hag barna sem á einn eða annan hátt eiga undir högg að sækja vegna alnæmis. Félagið var stofnað 22. mars 2004 að frumkvæði Erlu Halldórsdóttur mannfræðings m.a. til að styðja við starf hennar fyrir munaðarlausar stúlkur í Uganda og börn þeirra. Um 40 milljónir manna eru nú HIV-smitaðir og er Afríka sú heimsálfa sem verst hefur orðið úti. Alnæmi er fyrst og fremst sjúkdómur unga fólksins. Ungar konur í Afríku eru þrisvar sinnum líklegri til að smitast en karlar í sama aldurshópi og eru ástæðurnar fyrir því taldar vera þær að samfélagsleg staða kvenna sé oft afar bágborin ekki síst vegna mikils ójafnréttis og fátæktar. Konar hafa t.d. oft mun lélegra aðgengi en karlar að menntun, atvinnu og eignum samfélagsins. Foreldralausum börnum í Afríku hef-ur fjölgað mikið og árið 2004 var talið að um 12,3 milljónir barna í Afríku sunnan Sahara undir 18 ára aldri hefðu misst annað eða báða foreldra úr alnæmi. Í Uganda eru um ein milljón barna sem misst hafa annað eða báða foreldra sína úr alnæmi.

### Stjórn og félagsstarf

Í stjórn Alnæmisbarna á þessu ári hafa setið María J. Gunnarsdóttir formaður, Hildur Gestsdóttir varaformaður, Bjarni Reyr Kristjánsson gjaldkeri, Sigurlaug Hauksdóttir ritari og Guðlaugur Þór Pálsson, Helga Tulinius og Ragna Karlsdóttir meðstjórnendur. Stjórnin hefur haldið tólf stjórnarfundum á árinu og einnig hafa hluti stjórnarmanna, einn eða fleiri, fundað með ýmsum aðilum s.s. með Barnaheill, undirbúningsnefnd vegna 16 daga átaks um kynbundið ofbeldi og með utanríkisráðherra Valgerði Sverrisdóttur til að vekja athygli á málefnum félagsins. Auk þess hefur félagið og starf þess í Uganda verið kynnt á fundum ýmissa félagasamtaka. Síðan á síðasta aðalfundi hafa verið haldnir tveir félagsfundir. Annar í tengslum við 16 daga átak um kynbundið ofbeldi 1. desember sl. Þetta var í annað sinn sem félagið tók þátt í átakinu þar sem lögð er áhersla á málefni kvenna og mannréttindabrot gagnvart þeim. Hinn félagsfundurinn var 25. janúar sl. með hádegisfundi í Orkugarði með erindi um niðurstöður rannsókna á starfinu í Uganda. Kertahópurinn hefur starfað ötullega á árinu og selt kerti og lagt í ferðasjóðinn. Félagar í Alnæmisbörnum eru 74 talsins.

### Ný heimasíða félagsins

Á síðasta starfsári var unnið að því að bæta heimasíðuna og hefur Bjarni Reyr stýrt því verki. Hann hefur notið aðstoðar Gunnlaugs Einarssonar. Uppsetning hefur verið einfölduð og stefnt er að því að stjórnarmenn geti sett inn fréttir og annað efni sjálfir. Inn á heimasíðuna eru settar allar fundargerðir stjórnar, aðalfunda og annarra funda. Allar ábendingar um lagfæringar eru vel þegnar. Til stendur að setja inn enska útgáfu af mikilvægust þáttum síðunnar.

### Starf Candle Light Foundation

Starf félagsins hefur undanfarin þrjú ár eða frá stofnun félagsins aðallega beinst að því efla og styrkja Candle Light Foundation (CLF) í Kampala í Uganda og afla fé til menntunar stúlkna sem þar eru.

Candle Light Foundation tekur við foreldralausum ungum stúlkum af götunni. Stúlkur með börn á framfæri ganga fyrir. Sumar eru einnig með systkin á framfæri. Þeim er hjálpað til að fá húsnæði eða finna ættingja sína. Þær fá endurhæfingu, vinna í kertagerðinni og fá pening fyrir. Hjá Candle Light er einnig barnapössun. Síðan fá þær tækifæri til að afla sér menntunar. Margar stúlkanna fara í verklegt nám í verkmenntaskólum og aðrar í framhaldsskóla í Kitetikka. Einnig hafa verið haldin verkleg námskeið hjá Candle Light aðallega í saumaskap, tölvufærni og öðru handverki með styrk frá Alnæmisbörnum. Þær stúlkur eru sendar frá félagsmála-yfirvöldum í Kampala. Um 160 stúlkur hafa nú notið aðstoðar Candle Light frá upphafi. Í byrjun þessa árs voru níu stúlkur í framhaldsskólanum í Kitetikka, fjórar í grunnskóla og ein stúlka að læra kennslufræði. Sjö stúlkur unnu við kertagerðina og nítján voru á verklegu námskeiði hjá Candle Light. Fimmtán börn voru í gæslu hjá CLF. Starfsmenn CLF eru fimm talsins þ.e. Rosette Nabuuma forstöðukona og að auki tveir félagsráðgjafar, barnafóstra og vaktmaður.

Á síðasta ári var rekstrarkostnaður um 3,1 milljónir ísl.kr og kom 65% af rekstrarkostnaði frá Íslandi, þar af 32% frá Þróunarsamvinnu-stofnun Íslands (ÞSSÍ), 27% frá Alnæmis-börnum og 4% frá fjölskyldu Erlu, stofnanda Candle Light Foundations. Afgangurinn kemur af sölu kerta og með stuðningi frá öðrum aðilum s.s. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna "World Food Programme" sem gefur matvæli. Alnæmisbörn styrkir fyrst og fremst nám stúlkanna. ÞSSÍ hefur styrkt verkefnið síðan 2002 en leggur jafnframt áherslu á að verkefnið verði sjálfbært. Árlegur styrkur hefur verið 15 þúsund bandaríkja-dollarar. Styrkurinn hefur verið veittur í nafni Alnæmisbarna en er greiddur út beint til CLF í Uganda frá skrifstofu ÞSSÍ þar, í samræmi við framlagðar kvittanir. Alnæmisbörn sóttu um áframhaldandi styrk fyrir CLF fyrir árið 2007 og fengu hann með því skilyrði að afkomuöryggi verði tryggt með samstarfi við Uganda Australian Foundation (UAF) eða önnur öflug samtök og að þetta yrði jafnframt síðasta árið sem ÞSSÍ veitti CLF styrk.

Því hefur verið unnið mikið í að reyna að finna verkefninu fastan farveg. Fyrri hluta ársins voru viðræður við Barnaheill á Íslandi um samstarf en þær viðræður báru ekki árangur. Barnaheill hér á landi er hluti af alþjóðasamtökunum Safe the Children og þau samtök starfa m.a. í Uganda. Það eru norsku samtökin sem stýra starfinu þar. Þau höfnuðu samstarfi við CLF í haust. Ástæðan sem var gefin var að Uganda-deildin ætla að einbeita sér meira að því að aðstoða börn í stríðshráðum norðurhéraðum Uganda en minnka starfið í Kampala.

Formaður fór með stjórnarmanni CLF, Gesti Gíslasyni, til Uganda í nóvember sl. til að vinna að þessum málum. Rætt var við UAF sem eru öflug samtök á trúarlegum grunni og erum m.a. með framhaldsskóla, barnaskóla og barnaheimili í Kitetikka fyrir 2200 börn. Auk þess reka þau skóla í norður-héruðunum og víðar. UAF eru með í undirbúningi að byggja upp iðnmenntun og einnig endurhæfingu fyrir barnungar mæður sem margar flykkjast til Kampala frá stríðshráðum norðurhéraðum Uganda. Það starf mun byggja á sömu hugmyndum og Candle Light að hjálpa stúlkum til að öðlast menntun og sjá fyrir sér og börnum sínum. Vonast var eftir því að hægt væri að færa starfsemi CLF út í Kitetikka og það yrði grunnur að öflugu samstarfi milli þessara aðila. Það

reyndist ekki vera vilji fyrir því frá hvorugum aðilanum þegar til átti að taka. Stjórn Candle Light hefur því ákveðið að láta á það reyna hvort hægt sé að halda starfseminni gangandi.

#### Rannsóknarstarf hjá CLF

Á vormánuðum 2006 var Sigríður Baldursdóttir meistaranemi í mannfræði við Háskólann í Stokkhólmi hjá CLF í Uganda í fimm vikur til að afla gagna fyrir meistararitgerð sína. Rannsóknarspurningar hennar voru þrjár. Í fyrsta lagi kanna bakgrunn stúlkanna, ástæðuna fyrir því að þær voru hjá CLF og hvernig líf þeirra hefur breyst við það; í öðru lagi hvaða áhrif CLF hafði á stúlkurnar; og í þriðja lagi, framtíðina það er að segja hvernig stúlkurnar líta á framtíð sína og hvernig CLF getur hjálpað þeim að ná markmiðum sínum. Sigríður hefur haldið erindi fyrir félagið tvisvar sinnum um rannsóknir sínar, bæði í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem haldið var af UNIFEM og fjölda annarra félagsamtaka í endann nóvember og byrjun desember og síðan á almennum félagsfundi í janúar á þessu ári. Sigríður skrifaði einnig grein um rannsóknir sínar í Morgunblaðið sem birtist við upphaf 16 daga átaksins.

#### Stuðningur við félagið

Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa stutt starf félagsins. Má þar nefnda Íslenskar orkurannsóknir, UNIFEM á Íslandi, Zonta-klúbburinn Embla, Orkuveita Reykjavíkur, Samorka, Soroptimista-klúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar og kertagerðina Vaxandi. Þrjátíu einstaklingar borga fasta upphæð til félagsins sem er til menntunar stúlkanna og margir fleiri hafa styrkt félagið með ýmsum hætti. Á síðasta ári greiddu Alnæmisbörn fyrir menntun fjórtán stúlkna og einnig fyrir fjögur styttri verknámskeið haldin hjá CLF og þau sóttu um fimmtíu stúlkur. Auk þess greiddi félagið húsaleigu hálf t árið þar sem styrkur ÞSSÍ hrökk ekki til þess. Stjórnin sótti um til Pokasjóðs og styrktarsjóðs Actavis en án árangurs.

#### Næstu verkefni Alnæmisbarna - smálánasjóður

Nú í ársbyrjun var farið af stað með lánasjóð, svonefndan smálánasjóð "micro-credit", sem lánar stúlkunum til að hefja eigin rekstur t.d. kaup á saumavélum eða hárgreiðsluverkfærum. Það byggir á sömu hugmyndafræði og hjá nóbelsverðlauna-hafanum Mohammad Yunus með Grameenbankanum. Gert er ráð fyrir að lána a.m.k. 15 stúlkum á þessu ári og hafa Alnæmisbörn lagt til stofnfé í lánasjóðinn. Jafnframt því að fá lán er veitt fræðsla um rekstur og fjármál. Nokkrir einstaklingar gáfu í sjóðinn sem samsvarar átta saumavélum. Í mótun er samkomulag milli Alnæmisbarna og CLF þar sem tíundað er hvaða kröfur við gerum um ársreikninga, gegnsæi starfseminnar og upplýsingar um árangur. Í gegnum UNIFEM á Íslandi komum við á samstarfi CLF og UNIFEM í Uganda og vonum við að það efli starf CLF. Utanríkisráðherra Valgerður Sverrisdóttir fundaði með Rosettu í för sinni til Afríku nú í febrúar og fréttamenn sem voru með í för heimsóttu CLF og fréttir hafa birst í fjölmiðlum frá þeirri heimsókn.

Alnæmisbörn hafa hug á að styrkja UAF til að koma á fót aðstoð við barnungar mæður og börn þeirra. Slíkt heimili verði sett á stofn í nágrenni við Kítetikka. Þar geti þær verið með börn sín og fengið verkmenntun. Viðræður eru nú þegar hafnar um hvernig skuli staðið að því samstarf.

Reykjavík, 14.3.2007

f.h. stjórnar Alnæmisbarna, María J. Gunnarsdóttir, formaður